

M-65/2011. Álit 9. janúar 2012.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 9. janúar 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-65/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 5. júlí 2011 bað X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðgerðar á bifreiðinni xx 000. Gerir hann kröfu um að Y, hér eftir nefndur seljandi, greiði kostnað vegna viðgerðarinnar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. þann 19. júlí 2011, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust kærunefndinni 27. júlí. Hinn 17. ágúst voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild til að gera athugasemdir vegna andsvaranna. Álitsbeiðandi hefur ekki sent nefndinni frekari gögn.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Bifreiðin xx-000, af gerðinni Toyota Land Cruiser, var nýskráð í mars 2006.

Þann 1. júlí 2011 kom álitsbeiðandi með bifreiðina til viðgerðar hjá seljanda og þurfti að skipta um spíssa og grófsigt í vél.

Álitsbeiðandi greiddi fyrir vinnu við viðgerðina, en seljandi greiddi fyrir allt efni.

Álitsbeiðandi telur að ábyrgð seljanda eigi að ná yfir bilunina og krefst hann greiðslu viðgerðarkostnaðar úr hendi seljanda.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir að umrædd bifreið hafi verið nýskráð í mars 2006 og hafi hún því verið orðin meira en fimm ára þegar komið var með bifreiðina á verkstæði þann 1. júlí 2011.

Þá segir í bréfi seljanda að álitsbeiðanda hafi aðeins verið gert að greiða fyrir viðgerðarkostnaðinn, en seljandi hafi lagt til allt efni, álitsbeiðanda að kostnaðarlausu. Með því hafi seljandi nú þegar gengið mun lengra en lög gera ráð fyrir í að koma til móts við viðskiptavin sinn. Er kröfu álitsbeiðanda því hafnað.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samband málsaðila fellur undir reglur neytendakaupalaga nr. 48/2003.

Í 6. kafli neytendakaupalaga er fjallað um þau úrræði sem neytandi hefur ef söluhlutur reynist gallaður. Kemur fram í 27. gr. að neytandi þarf að tilkynna um gallann innan tiltekinna tímamarka til að geta beitt þeim úrræðum sem lögin tiltaka. Segir svo í 2. mgr. 27. gr.:

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Þegar komið var með bifreiðina xx-000 til viðgerðar hjá seljanda voru liðin meira en fimm ár frá því að bifreiðin kom á götuna. Með vísan til 27. gr. laga um neytendakaup getur álitsbeiðandi því ekki borið gallann fyrir sig, þar sem kvörtunarfrestur samkvæmt ákvæðinu er liðinn. Því verður krafa álitsbeiðanda um endurgreiðslu viðgerðarkostnaðar samkvæmt reikningi dags. 5. júlí 2011 ekki tekin tilgreina.

VI

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir